

**84** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um birtingu lagafrumvarpa.* — Jafnframt því að senda hingað ályktun, er neðri deild alþingis hefir samþykkt um að skora á ráðgjafann fyrir Ísland að hlutast til um, að að minnsta kosti helmingur hinna markverðustu lagafrumvarpa, sem í ráði er að leggja fyrir þingið, verði birt alþingismönnum ekki síðar en 6 mánuðum áður en alþingi kemur saman, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 4. október f. á. tekið fram, að það sje hvortvegga, að lagafrumvörp stjórnarinnar samkvæmt eðli hlutarins sjeu lögð fyrir þingið sem þing, en ekki fyrir hina einstöku þingmenn, og myndi þeir þá fyrst, er þeir eru saman komnir, lið þann í löggjafarvaldinu, er stjórnin leggur frumvörp sín fyrir, enda hafi hin umbeðna birting mjög mikla örðugleika í för með sjer; og verði í þessu efni að taka það fram, að stjórninni hljóti að vera frjálst að ráða af þangað til í síðustu forvöð, hvort hún eigi að koma fram með lagafrumvörp, og sömuleiðis að breyta frumvörpum sínum, og sje ekki unnt að sjá fyrir svo löngu á undan þingbyrjun, sem nauðsynlegt yrði eptir nefndri ályktun, allt, sem upp á kynni að koma og máli mundi skipta í þessu efni; auk þess sjeu öll frumvörp lögð fyrir alþingi undir eins og þingið er sett, og virðist þá vera nægur tími fyrir þingmenn til að kynna sjer málin. Hafið þjer, herra landshöfðingi, því ekki getað mælt fram með ofannefndri ályktun. Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn verður að vera yður, herra landshöfðingi, samdóma um að, ekki sje nægilegt tilefni til að taka tjæða beiðni til greina.

**85** — *Brjef ráðgjafans fyrir Íslands til landshöfðingja um Thorchillii-barnaskólasjóð.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, er samþykkt var á síðasta alþingi, um að vísa til stjórnarinnar spurningu, er komið hafði fram á alþingi um breytingu á konungsúrskurði frá 5. oktbr. 1866 um það, hvernig verja skuli vöxtum af Thorchillii barnaskólasjóði, og í þóknanlegu brjefi frá 6. marz þ. á. lagt það til, að tilgreindum ástæðum fyrir máli yðar, að reglum þeim, er settar hafa verið um meðferð á nefndum sjóði, verði breytt á þá leið, er hjer segir:

1. að hreppsnefndirnar fyrir lok maímánaðar ár hvert sendi stiptysfirvöldunum tillögur um, hvernig varið skuli vöxtum þeim af Torchillii barnaskólasjóði, er börn þar í sveit eigi að fá fardagaár það, er í hönd fer, og skuli uppástungu þessari fylgja annaðhvort álitsskjal sóknarprestsins eða tillögur þær, er hann hefir sent hreppsnefndinni samkvæmt 14. grein í tilsk. 4. maí 1872. Stiptysfirvöldin skuli síðan ákveða, hvernig verja skuli vöxtunum í hverjum hreppi fyrir sig á fardagaárinu, og megi, ef barnaskóli er stofnaður í hreppnum, leyfa, að vöxtunum að nokkru eða öllu leyti skuli varið til að útvega fátækustu börnum nauðsynlega tilsögn, og skuli þá miða stærð styrksins handa hverju barni við kostnað þann, er kennsla þessi hefur í för með sjer; að öðru leyti skuli enn standa hinar sömu reglur og að undanförmu um þennan styrk.

2. að stiptysfirvöldin ákveði eptir fólksfjölda og öðrum ástæðum, og landshöfðingi samþykki það, hvernig skipta skuli vöxtunum af styrktarsjóðnum á fátæk börn í hverjum hreppi; skipting þessi eigi að standa í 10 ár, og skuli endurskoða hana 10. hvert ár samkvæmt tjeðum reglum.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð það er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Við 1. Ráðgjafinn fellst á tillögur yðar um, að skylda sú, að koma með uppástungu

um, hvornig verja skuli vöxtunum af nefndum sjóði í hverjum hreppi, er samkvæmt brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 27. desembr. 1866 hvílir á hreppstjórnunum, skuli eptirleiðis lenda á hreppsnefndunum, á þann hátt sem þjer hafð tekið fram. Í annan stað er þess að geta, að jafnvel þótt ráðgjafinn sje fastur á því, að halda beri eptirleiðis tryggð við meginregluna í tjeðum úrskurði 6. okt. 1866, en hún er sú, að verja beri sjóðnum til að koma fátækustu og umkomulausustu börnum fyrir hjá ráðvöndum og guðhræddum fósturforeldrum, einkum þeim börnum, er annaðhvort hafa misst foreldra sína, eða foreldrar þeirra ekki geta eða ekki vilja annast kristilegt uppeldi þeirra, hefir ráðgjafinn þó haldið, að nú, er komnir eru upp barnaskólar í tjeðu hjeradi og þannig orðin tók á að útvega fátækum börnum, sem annars vegna er óhætt að láta vera kyrr heima hjá foreldrum sínum, nauðsynlega kennslu, sem áður varð með engu móti komið við að láta þeim í tje, nema þeim væri komið fyrir hjá fósturforeldrum, sem fær væri um að veita slíka tilsógn, gæti verið ástæða til að víkja úrskurðinum frá 1866 lítið eitt við í þá átt, er þjer til greinið og alþingi hefir mælt með. Ráðgjafinn hefir því borið upp allraþegnsamlegasta uppástungu um þetta efni, og hefir 3. þ. m. verið allramildilegast fallizt á, að áminnstri ákvörðun verði breytt á þá leið, að jafnframt og haldið er aðalreglu þeirri um úthlutun á vöxtum sjóðsins, er áður var getið, megi veita börnum, sem eiga foreldra, sem reyndar eru færir um að veita þeim kristilegt uppeldi, en geta ekki kostað kennslu þeirra, styrk úr sjóðnum til skólaveru fyrir þau eptir reglum, er ráðgjafinn fyrir Ísland á að setja; og hefir ráðgjafinn samkvæmt þessu ákveðið, að styrkur þessi, sem úthluta skal eptir sömu reglum, og styrk þeim, sem ákveðinn er í brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 27. desbr. 1866, skuli vera jafnmikill og það, er samkvæmt nýnefndu brjefi má veita til skólamentunar börnum, sem komið hefir verið fyrir hjá fósturforeldrum, en það eru 20 kr. um árið handa hverju barni.

Við 2. Tillögu þá, er hjer getur um, um skiptinguna á vöxtum sjóðsins milli hreppanna um tiltekinn árafjölda, getur ráðgjafinn ekki fallizt á. Því þess ber að gæta, að gjöfn er ekki ánöfnuð sveitafjelögnum, heldur, «allrafátækustu og sárþurfandi börnum» í öllu Kjalarnesþingi, og að stiptysfrivöldunum ber samkvæmt ofannefndu brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar að úthluta gjafastyrknum hverju barni fyrir sig. Þótt það sje nú vita-skuld, eins og líka er tekið fram í optnefndu brjefi, að ekki verði að jafnaði fyrir fermingu, farið að taka af barni styrk, sem einu sinni er búið að veita því, virðist ekki nægileg ástæða til að binda sig alveg við það, þótt allur styrkurinn hafi einu sinni lent í sama sveitarfjelagi, og láta hann fyrir þá sök svo mörgum árum skiptir. lenda hjá börnum í þessari sömu sveit, þrátt fyrir það, þótt þau kynnu að vera síður þurfandi hans en önnur börn í öðrum hreppum í Kjalarnesþingi. Ráðgjafinn verður því að vera á þeirri skoðun, að bezt verði gætt þarfar barnanna með því móti, að stiptysfrivöldin úthluti eins og fyrir er mælt í brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 27. desbr. 1866 á ári hverju styrktarfje því, sem laust er í hvert skipti, eptir þörf þeirra, er um það sækja, og skipti sjer ekkert af, hvort styrkurinn lendir í sömu sveit og áður eða ekki.

Loks skal þess getið, að þar sem stungið var upp á því í nefndri ályktun alþingis, að hreppar þeir, er hefðu fengið lán úr Thorhillii barnaskólasjóði, til að koma upp barnaskóla, skuli missa jafnmikils í af styrk þeim af sjóðnum, er hreppurinn á að fá um árið, og nemur vöxtum af láninu, getur ekki orðið neitt umtalsmál um þetta atriði, eptir því sem að framan er á vikið. Ráðgjafanum þykir auk þess rjettast að bæta því við, að eptir því sem fram hefir komið á alþingi í þessu efni verður hann að vera á því, að rjettast sje að veita ekki eptirleiðis vaxtalaust lán úr nefndum gjafarsjóði í áminnstum tilgangi.